



Áveitan

7. tbl. 16. árgangur. Júlí 2022

2022

Sá ég spóa



Útivistarverkefni Umf. Þjótanda "Sá ég spóa" verður í gangi í júlí og ágúst. Hægt er að ganga á 5 staði í sveitarfélaginu, finna póstkassa og skrifa nafn sitt í gestabók. Þeir sem skrifa í allar gestabækurnar lenda í potti og geta hlotið útdráttarvinning í lok sumars.

Staðirnir í ár eru:

**Skógræktin í Hnausi
Klofsteinn við Skagás
Þjórásárs við Fljótshóla
Flóamannaleið við Vola
Þjórásreyrar við Ferjunes**

Nánari upplýsingar í júlíblaði Áveitunnar
www.floahreppur.is og á Facebook-síðu
Umf. Þjótanda.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

| | | |
|-----------------------------|----------------------|----------|
| Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. | halla@floahreppur.is | 845-9719 |
| Oddný Ása Ingjaldsdóttir | odnyasa@floaskoli.is | 865-5692 |

Leikjakvöld fyrir unglinga

Leikjakvöldin sívinsælu eru á sínum stað í sumar, á fimmtudagskvöldum kl. 20-22. Kvöldin eru ætluð fyrir þá sem voru að klára 7. bekk og alla eldri. Staðsetning er mismunandi og er alltaf auglýst á facebooksíðunni „Leikjakvöld Þjótanda“. Nú er um að gera að finna síðuna og fylgjast vel með auglýsingunum í sumar.

Stjórnandi er Guðmunda Bríet Steindórsdóttir.

Líf og fjör!

Styrkveiting á 17. júní.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní voru nokkur félög í hreppnum sem afhentu Flóaskóla styrk í tilefni af frábærum árangri í Skólahreysti í vor. Þetta voru Ungmennafélagið Þjótandi, kvenfélög Villingaholts-, Hraungerðis-, og Gaulverjabæjarhreppa, og búnaðarfélag Villingaholts-, og Hraungerðishrepps. Upphæðin, 300.000 kr er ætluð til áframhaldandi uppbyggingar á Skólahreystistarfinu innan skólans, og er vonast til að fjárhæðin nýtist fyrir alla nemendur, yngri og eldri.



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

vellíðan fyrir alla

RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Ungmennafélagsreiðtúr

Ungmennafélagsreiðtúrin verður farinn þriðjudagskvöldið 19. júlí nk. Mæting er á hlaðið á Stóra-Ármóti kl 19:30 og riðið verður af stað kl 20:00. Riðið verður upp með Hvítánni og farinn góður hringur sem hentar einum hesti. Reiðtúrin verður auglýstur betur þegar nær dregur, en takið kvöldið frá og vonandi verður veðrið með okkur í liði.



Unglingalandsmót UMFÍ-vertu með!

Unglingalandsmótið verður haldið um Verslunarmannahelgina á Selfossi. Skráning hefst 4. júlí á heimasíðu mótsins og lýkur viku fyrir mót. Aðeins eitt þátttökugjald óháð fjölda greina.

Foreldrar: skoðið heimasíðu mótsins www.ulm.is og kynnið ykkur málið. Frábær dagskrá með allskonar keppnisgreinum við allra hæfi, og tónleikum og skemmtun á kvöldin. Einnig mikið um að vera fyrir yngri krakka.

Keppnisgreinar Unglingalandsmótsins eru þessar:

| | |
|-------------------|-------------------|
| Biathlon | Bogfimi |
| Borðtennis | Fimleikalíf |
| Frisbígolf | Frjálsar íþróttir |
| Glíma | Golf |
| Götuþjólreiðar | Hestaíþróttir |
| Íþróttir fatlaðra | Knattspyrna |
| Kökuskreytingar | Körfubolti |
| Mótokross | Pílukast |
| Raííþróttir | Skák |
| Stafsetning | Strandbolti |
| Sund | Taekwondo |
| Upplstur | |

Sjáumst á Selfossi um Versló!

UNGLINGALANDSMÓT

Útivistarverkefni Umf Þjótanda

Sá ég spóa 2022



Sá ég spóa, suðr í Flóa – 2022
Útivistarverkefni Umf. Þjótanda



Gönguleið nr 1. Skógræktin í Hnausi

Ekið er upp afleggjarann að Hnausi áleiðis að 360° Hótelu. Ekið er framhjá afleggjaranum að Hnausbænum, haldið áfram upp brekkuna, og bílnum er lagt þar sem vegurinn beygir til hægri upp að hótelinu. Gengið er neðan við skóginn, eftir slóða sem beygir síðan til hægri og upp að hliði sem er á mörkum Hnauss og Neistastaða. Þar er póstkassi og gestabók. Síðan er gengið meðfram girðingunni til baka og niður á veg við hótelið.

Eftir veginum kemst maður aftur niður á bílastæðið. Þessi hringur er um 1,4 km, en ef fólk vill ganga meira eru í skóginum einnig margar gönguleiðir sem hægt er að kanna. Byrjað var að planta trjám í Hnausi í kringum 1980 og hefur skógurinn þar stækkað stöðugt síðan og er afar fallegur.



Gönguleið nr. 2 Klofsteinn við Skagás.

Ekið er eftir Villingaholtsvegi og bílnum er lagt við afleggjarann að skógræktinni í Skagás. Ekki er farið inn á skógarstíginn, heldur er farið gegnum járnhliðið til hægri, inn í hrossagirðinguna. Passið að loka hliðinu vel. Gengið er

meðfram girðingunni, með skógræktina á vinstri hönd, alveg þar til komið er út á horn á skógræktargirðingunni. Þaðan sést í Klofsteininn og póstkassinn. Eftir að búíð er að skrifa í gestabókina getur fólk valið um að klifra yfir girðinguna inn í skógræktina, eða ganga sömu leið til baka. Gangan er um 1 km hvora leið.

Steinninn var hornmark milli fjögurra jarða, Yrpuholts, Önundarholts, Vælugerðis og Hurðarbaks. Er hans t.d. getið í jarðabréfum frá 1885. Núna er steinninn hornmark fyrir Dalsmynni og Vælugerðiskot en hliðarmark fyrir Lynghot/Ástún. Steinninn var áður mun veglegri en hann er nú.

Hornmörk sem þessi eru mjög verðmæt vegna þess að þeim er nánast ómögulegt að beyta og enginn efast um að þau séu á réttum stað.

Gönguleið nr 3. Þjórsárós við Fljótshóla

Þjórsá rennur úti sjó í landi Fljótshóla eftir að hafa runnið 230 km frá upptökum sínum. Svæði þetta heitir Þjórsárós. Keyrð er heimreiðin að Fljótshólum. Rétt áður en komið er að húsunum er beygt til hægri á moldarslóða. Hann er keyrður þangað til þið sjáið lítinn staur með bláu

P á. Þar er bílnum lagt. Ef horft er til Vestmannaeyja ætti póstkassinn að bera við himinn upp á sandöldu. Gangan er um 700 m löng hvora leið. Ekki er mælt með að fara á mjög lágum bíl og ekki keyra lengra en staurinn sem er merktur með P.



Gönguleið nr 4. Flóaleiðin við Vola

Bílnum er lagt við Villingaholtsveg þar sem hann beygir að veiðihúsinu við Vola. Tilvalið er að hefja gönguna á því að skoða minnismarkið um Freystein Gunnarsson sem er þar rétt hjá. Því næst er gengið sem leið liggur að Volalæknum og yfir á gömlu brúnni. Opna þarf járnhlið til að komast út á reiðveginn, sem tekur svo beina stefnu til vesturs. Munið að loka hliðinu. Gengið er eftir reiðveginum, ekki er líklegt að villast því rafmagnsgirðing er á vinstri hönd, og djúpur skurður á þá hægri. Mikið fuglalíf er á svæðinu sem gaman er að gefa gaum. Gengið er þar til komið er að póstkassanum og þá snúið við. Gangan er 1,2 km hvora leið.



Flóaleiðin svokölluð var gerð fyrir nokkrum árum af Hestamannafélaginu Sleipni, undir öflugri stjórn Einars Hermundssonar formanns reiðveganefndar. Leiðin liggum á mörkum jarða og að stórum hluta meðfram áveituskurðum Flóaáveitunnar (Selfosslínu og Kaldaðaneslínu). Þessi leið var gerð með það í huga að hestamenn gætu komist milli staða utan stöðugar bílaumferðar. Vegurinn endar út á Gaulverjabæjarvegi rétt neðan við bæinn í Glóru.

Gönguleið nr. 5. Þjórsáreyrar í landi Ferjunes.

Keyrt er niður á eyrarnar í beygjunni fyrir neðan Ferjunes. Keyrt áleiðis um 50 metra þar til að vegurinn tvístrast, þar er hægt að leggja bílnum. Haldið er í suður, en skammt frá bílastæðinu tvístrast vegurinn aftur, gengið er til hægri slóðann niður með ánni.

Gangan að póstkassanum er um 1 km. Búið er að koma þar fyrir bekk svo upplagt er að hafa með sér nesti. Ekki er ráðlagt að vaða í ánni þar sem hún dýpkar hratt. Hinum megin við ána má virða fyrir sér Ferjuhamarinn þar sem Sandhólaferja var, en hún er talin elsta lögferja landsins.



Úrslit móta

Aldursflokkamót HSK og Héraðsleikar HSK fóru fram á Selfossvelli í byrjun júní. Umf Þjótandi átti flottan hóp keppenda sem tóku þátt í mótunum. Úrslit má finna á næstu opnu. Á myndinni er hluti keppenda Umf Þjótanda ásamt Guðmundu Bríeti þjálfara.



Aldursflokkamót HSK 7.-8.júní 2022 - Selfossvelli

Piltar 12.ára

| | |
|---------------------|---|
| 60m hlaup | 1.-2.sæti 10,28 sek Már Óskar Bjarnason |
| Hástökk | 2.sæti 1,10 m Már Óskar Bjarnason |
| Langstökk | 2.sæti 3,57 m Már Óskar Bjarnason |
| Kúluvarp 3kg | 3.sæti 5,58 m Már Óskar Bjarnason |

Piltar 14 ára

| | |
|---------------------|------------------------------------|
| 100m hlaup | 5.sæti 14,38sek Helgi Reynisson |
| 600m hlaup | 3.sæti 2:02,33 mín Helgi Reynisson |
| 80m grind | 5.sæti 16,16sek Helgi Reynisson |
| Hástökk | 3.sæti 1,40m Helgi Reynisson |
| Langstökk | 4.sæti 4,45m Helgi Reynisson |
| Kúluvarp 4kg | 6.sæti 7,19m Helgi Reynisson |
| Spjótkast | 4.sæti 25,82m Helgi Reynisson |

Héraðsleikar HSK 7.júní 2022 - Selfossvelli

Piltar 8 ára og yngri

60m hlaup

| |
|---|
| 1.sæti 10,77 sek Páll Axel Axelsson |
| 3.sæti 11,75 sek Nikulás Tumi Ragnarsson |
| 4.sæti 11,79 sek Einar Hörður Haraldsson |
| 10.sæti 12,67 sek Sigurður Helgi Guðjónsson |

400m hlaup

| |
|--|
| 1.sæti 1:39,61 min Páll Axel Axelsson |
| 4.sæti 1:46,02 min Nikulás Tumi Ragnarsson |
| 5.sæti 1:49,41 min Einar Hörður Haraldsson |
| 7.sæti 1:52,22 min Sigurður Helgi Guðjónsson |

Langstökk

| |
|---|
| 2.sæti 2,61 m Einar Hörður Haraldsson |
| 3.sæti 2,59 m Nikulás Tumi Ragnarsson |
| 5.sæti 2,41 m Páll Axel Axelsson |
| 7.sæti 2,35 m Sigurður Helgi Guðjónsson |

Kúluvarp 2kg

| |
|--|
| 1.sæti 5,41m Nikulás Tumi Ragnarsson |
| 2.sæti 5,12m Sigurður Helgi Guðjónsson |
| 3.sæti 4,66m Páll Axel Axelsson |
| 7.sæti 3,60m Einar Hörður Haraldsson |

Piltar 10 ára

60m hlaup

| |
|--------------------------------------|
| 4.sæti 11,40sek Kristján Reynisson |
| 5.sæti 11,95sek Ottó Ingi Annýjarson |

6.sæti 12,50sek Baldur Ragnar Ragnarsson

400m hlaup

2.sæti 1.33,78min Kristján Reynisson

Hástökk

3.sæti 1,00m Kristján Reynisson

5.sæti 0,90m Ottó Ingi Annýjarson

Langstökk

4.sæti 2,98m Kristján Reynisson

5.sæti 2,45m Baldur Ragnar Ragnarsson

6.sæti 2,20m Ottó Ingi Annýjarson

Kúluvarp 2kg

1.sæti 7,18m Baldur Ragnar Ragnarsson

3.sæti 5,48m Kristján Reynisson

6.sæti 4,12m Ottó Ingi Annýjarson

Stúlkur 8 ára og yngri

60m hlaup

6.sæti 12,87sek Lilja Reynisdóttir

Langstökk

2.sæti 2,58m Lilja Reynisdóttir

Kúluvarp 2kg

4.sæti 2,93m Lilja Reynisdóttir

Stúlkur 9.ára

60m hlaup

4.sæti 11,64 sek Matthilda Sigurðardóttir

400mhlaup

4.sæti 1:56,79min Matthilda Sigurðardóttir

Langstökk

4.sæti 2,62m Matthilda Sigurðardóttir

Kúluvarp 2kg

1.sæti 5,82m Matthilda Sigurðardóttir

Stúlkur 10.ára

60m hlaup

1.sæti 10,82sek Lilja María Axelsdóttir

3.sæti 12,46sek Guðbjörg Erla Annýjardóttir

400m hlaup

1.sæti 1:33,08min Lilja María Axelsdóttir

Hástökk

1.-2.sæti 1,00m Lilja María Axelsdóttir

Langstökk

1.sæti 3,55m Lilja María Axelsdóttir

4.sæti 2,10m Guðbjörg Erla Annýjardóttir

Kúluvarp 2kg

1.sæti 5,02m Lilja María Axelsdóttir

Sumaræfingar Þjótanda

Nú eru sumaræfingarnar Umf Þjótanda hafnar.
Æfingar fyrir krakka 7-13 ára eru á íþróttasvæðinu við Flóaskóla á miðvikudagskvöldum kl 20-21.

Þjálfarar eru Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Einar Skeggjason.

Dagskrá mánaðarins

| | |
|---|----------|
| Skráning hefst fyrir unglíngalandsmót UMFÍ. | 4. júlí |
| Sumaræfing fyrir 7-13 ára | 6. júlí |
| Leikjakvöld fyrir unglíngla | 7. júlí |
| Sumaræfing fyrir 7-13 ára | 13. júlí |
| Leikjakvöld fyrir unglíngla | 14. júlí |
| Ungmennafélagsreiðtúr | 19. júlí |
| Sumaræfing fyrir 7-13 ára | 20. júlí |
| Leikjakvöld fyrir unglíngla | 21. júlí |
| Sumaræfing fyrir 7-13 ára | 27. júlí |
| Leikjakvöld fyrir unglíngla | 28. júlí |

